

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag, Borgarheiði, íbúðarsvæði við Borg í Grímsnesi.*

Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðisins Borgarheiði sem liggur að þéttbýliskjarnanum Borg í Grímsnesi. Svæðið telst til landbúnaðarlands L3 samkvæmt flokkun aðalskipulags. Á L3 svæðum er gert ráð fyrir því að heimilt verði að byggja upp litlar landspildur til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi sem er jafnvel ótengd landbúnaði. Landspildur verði að jafnaði 1-15 ha að stærð. Nýtingarhlutfall er 0,05 og heildarbyggingarmagn á lóðum/landspildum er að hámarki 1.500 m<sup>2</sup>, nema mannvirki séu tengd landbúnaðarstarfsemi. Samþykkt í sveitarstjórn 22. maí 2024.

*Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggðin Syðri-Brú, Sólbakki 7 og 9.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Syðri-Brúar. Í breytingunni felst breytt afmörkun lóða Sólbakka 7 og 9 auk þess sem skilgreindur er byggingarreitur á lóð Sólbakka 9.

Samþykkt í sveitarstjórn 22. maí 2024.

*Deiliskipulagsbreyting, Nesjavellir, L209139, afmörkun lóðar.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til hótellóðar á Nesjavöllum. Aðlaga þarf afmörkun deiliskipulagsins til samræmis við breytingu deiliskipulags Nesjavallavirkjunar sem fór í auglýsingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2024.

*Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggðin Syðri-Brú, Lækjarbrekka 45.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðis innan jarðar Syðri-Brúar. Í breytingunni felst að heimildum er varðar þakhalli í skilmálum deiliskipulagsins er breytt úr 14-35° í 0-45°.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. apríl 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 29. maí 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 13. júní 2024